

Kirkjuþing 2024-2025

6. mál – þskj. 6b

Nefndarálit og breytingartillaga
við tillögu að starfsreglum um biskup Íslands.

Frá löggjafarnefnd.
Frsm. Magnús Erlingsson.

Löggjafarnefnd hefur fjallað um 6. og 7. mál. Þar sem málin eru að mörgu leyti samhljóma hefur nefndin fellt þau saman í 6. mál og leggur til að tillagan á þingskjali 6a verði samþykkt með eftirfarandi

breytingartillögu:

1. gr.

1. mgr. 2. gr. breytist og hljóðar svo: „Biskup skal tryggja þjónustu orðs og sakramenta og gæta postullegrar trúar samkvæmt orði Guðs og játningu og kirkjuskipan evangelisk lúterskrar kirkju.“

2. gr.

Við bætist ný grein sem verður 10. gr. sem hljóðar svo: „Biskup leggur í samstarfi við framkvæmdastjóra Þjóðkirkjunnar fram fjárhagsáætlun fyrir vígða þjónustu fyrir kirkjuþing ár hvert.“

3. gr.

10. gr. verður að 11. gr.

Reykjavík, 28. október 2024.

Löggjafarnefnd.
Anna Guðrún Sigurvinsdóttir.
Bryndís Malla Elísdóttir, form.
Elínborg Sturludóttir
Jóhanna Gísladóttir.
Konráð Gylfason, varaform.
Kristrún Heimisdóttir.

Magnús Erlingsson.
Óskar Magnússon.
Stefán Magnússon.